

Aðalfundur deildar hjúkrunarfræðinga á Suðurlandi, 7. mars 2023

Mættar Stjórninn(Anna Björk, Íris Alma, Þorbjörg Anna og Ásta Rut) + 6 félagsmenn(Anna Guðríður, Iris, Unnur, Margrét Björk, Ragnheiður og Bjarnheiður)

Anna setur fundinn

-Mig langar til að byrja á því að þakka ykkur fyrir að gefa ykkur tíma í að koma.

Á dagskrá eru hefðbundin mál en ég ætla að byrja á því að kjósa fundarstjóra og fundarritara en ég tilnefni Þorbjörgu Önnu sem fundarstjóra og Ástu Rut sem fundarritara ef það er enginn sem mótmælir.

Skýrsla formanns:

*Í nefnd eru 4 stjórnarmeðlimir en ásamt mér eru það þær Íris Alma gjaldkeri, Ásta Rut ritari og Þorbjörg Anna. Lítið var um störf í nefndinni í byrjun árs 2022 en afléttingar vegna covid kláruðust og fundir fór fram í gegnum fjarfundarbúnaði til að byrja með. Blásið var til aðalfundar 1. Júní og hittist stjórn fyrir þann fund til að leggja niður línurnar fyrir fundinn og árið um miðjan maí.*

*Haldinn var aðalfundur í matsal Heilsugæslunnar 1. júní þar sem ákveðið var að halda veglegan jólafund og óska eftir framboðum í stjórn en gengið hafði illa að fá meðlimi til að taka við störfum þeirra sem óskuðu eftir að losna úr stjórn og sáum við fram á að mögulega yrðum við að leggja niður deildina.*

*Hófst svo vinna við að skipuleggja fundinn en ákveðið var að blása til happdrættis og fundum við fyrir miklum velvilja í garð hjúkrunarfræðinga en við fengum afskaplega góð viðbrögð við þeim óskum.*

*Jólafundur var svo haldinn 24. nóvember þar sem um 60 hjúkrunarfræðingar hittust á Hótel Flúðum og gæddu sér á þriggja rétta máltíð, við fengum kynningu frá Vistor, fyrirlestur frá Þorsteini Guðmundssyni, happdrætti og söng frá Jórukórnum. En einnig var tekin sú ákvörðun að leggja ekki niður deildina og fengum við framboð af nýjum stjórnarmeðlimum sem munu nú taka við keflinu. Ákaflega vel heppnað kvöld.*

*Það hafa verið miklar umræður um plön með deildina og mikill áhugi er t.d. fyrir haust eða vorferð sem hafa hingað til verið vel sóttar. Einnig hafa verið umræður um að vera meira sýnileg í samfélaginu og farið var af stað með vinnu að taka viðtöl við reynda hjúkrunarfræðinga þar sem þæling var að birta þau viðtöl til að vekja athygli á okkar störfum. Þannig að ljóst er að það er margt hægt að gera með svona nefnd og vona ég að ný stjórn komi öflugar til leiks.*

Ársreikningur gjaldkera

Íris Alma fór yfir reikninn

Stjórnarskipti

Fráfarandi stjórn:

Formaður: Anna Björk Ómarsdóttir

Gjaldkeri: Íris Alma Össurardóttir

Ritari: Ásta Rut Ingimundardóttir

Meðstjórnandi: Þorbjörg Anna Strinarsdóttir

Ný stjórn:

Formaður: Þorbjörg Anna Strinarsdóttir

Gjaldkeri: Unnur Eyjólfsdóttir

Meðstjórnendur: Margrét Björk Ólafsdóttir, Áslaug Björnsdóttir og Ása Björk Ásgeirsdóttir

Úr stjórn ganga: Anna Björk Ómarsdóttir, Íris Alma Össurardóttir og Ásta Rut Ingimundardóttir

Skoðunarmenn reikninga Anna Guðríður Gunnarsdóttir og Íris Þórðardóttir

Fundarslit

Ásta Rut Ingimundardóttir